

REGLUGERÐ
um (19.) breytingu á reglugerð nr. 41/2012 um gildistöku reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 um setningu reglna
um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna
tegunda smitandi heilahrönnunar.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliðir, 62. og 63. tölul., svohljóðandi:

62. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1372 sem breytir viðauka IV við reglugerð (EB) nr. 999/2001 hvað varðar forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrönnunar. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 44.
63. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1176 frá 16. júlí 2021 um breytingu á III., V., VII. og IX. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar arfgerðargreiningu á jákvæðum tilvikum smitandi svampheilakvilla í geitum, aldursákvörðun á sauðfé og geitum, ráðstafanir sem gilda um hjörð eða hóp með afbrigðilega riðuveiki og skilyrði fyrir innflutningi á afurðum úr nautgripum, sauðfé og geitum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 94/2022, frá 29. apríl 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, frá 25. maí 2022, bls. 88.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 93/1995, um matvæli og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, með síðari breytingum.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 22. júní 2022.

Svandís Svavarsdóttir.

Emilia Madeleine Heenen.